

3.12.2015

Umsögn um 376. mál, lagafrumvarp um sölu fasteigna og skipa

Til þeirra er málið varðar.

Mig langar til að benda á að bæði í lögnum sem tóku gildi í sumar sem og í frumvarpi þessu gleymist að tiltaka þá sem þegar hafa lokið löggildingarnámi en eru ekki með virka löggildingu. Undanþágur til starfa eru bundnar við lífaldur og starfsaldur og svo að hafa lokið einni önn með fullnægjandi einkunn ásamt því að vera skráður í námið.

Nú hef ég lokið náminu en var settur í gjaldþrot vegna láns frá Frjálsa Fjárfestingabankanum (síðar Dróma) og varð að skila inn löggildingunni og hef lögum samkvæmt ekki kost á að fá hana aftur fyrr en í Janúar 2017.

Ég virðist falla utan ramma þessara laga sem og aðrir í mínum sporum.

Það væri skrítið að þurfa að skrá sig í nám sem ég hef þegar útskrifast úr til að geta fengið undanþágu til að starfa við það sem ég er menntaður í.

Með bestu kveðju

Vernharð Þorleifsson

Sími 699 7372

Lauk löggildingarnámi í fasteigna- og skipasölu árið 2013